

1228. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 6. apríl 2022, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð og í fjarfundi.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Arnþór Sigurðsson (fjarfundur), Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson (fjarfundur), Helga Ingólfssdóttir (fjarfundur), Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, verkefnastjóri Verkefnastofu VR.

Áður en fundur hófst samkvæmt dagskrá óskaði Ragnar Þór eftir samþykki við breytingu á dagskrá. Liður #5, Staða á verkefnum VR, verði liður #2. Ragnar nefndi jafnframt að bætt hafi verið inn í Önnur mál undirritun á tilkynningu til félagaskrár.

Samþykkt.
Númeraröð dagskrár breytist samkvæmt því.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1227. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1227. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Staða á verkefnum VR

Fyrir fundinum lá skjalið „**Staða verkefna hjá VR**“.

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir fór yfir nýtt fyrirkomulag við vinnu stærri verkefna hjá félaginu sem tekið var upp í kjölfar samþykktar tæknistefnu félagsins. Sett var á laggirnar Verkefnastofa og unnið er samkvæmt hugmyndafræði verkefnastjórnunar.

Sólveig fór yfir þau verkefni sem eru í gangi sem og þau sem eru lokið. 21 verkefni eru hafin en tíu er lokið. Hún fór jafnframt yfir verkefni sem eru í farvatninu.

Umræður.

Í umræðu um verkefni um harkara var einkum rætt um stöðu og réttindi jaðarhópa og viðkvæmra hópa á vinnumarkaði.

Ragnar sagði mikilvægt að gefa þessu gaum og skoða vel.

Í umræðu um verkefni um orlofsmál var rætt um aðgengi að orlofshúsum fyrir fatlaða, hver staðan væri og að mikilvægt væri að hafa aðgengi í huga við kaup á nýjum húsum.

Ragnar sagði að þessari umræðu yrði komið áleiðis til orlofsstjórnar og umsjónaraðila orlofshúsa.

Sólveigu Lilju var þakkað fyrir kynninguna og yfirgaf hún fundinn kl. 18:20

3. Stjórnin skiptir með sér verkum, kosning varaformanns og ritara

Fyrir fundinum lá skjalið „**Ráð og nefndir 2022-2023 tillaga**“.

Ragnar skýrði frá því að framboð til varaformanns hefði borist frá Svanhildi Ólöfu Þórsteinsdóttur og kallaði eftir viðbrögðum.
Samþykkt með lófataki.

Þá sagði Ragnar að framboð til ritara hefði borist frá Hörpu Sævarsdóttur og óskaði eftir viðbrögðum.
Samþykkt með lófataki.

Ragnar fór því næst yfir tillögur að skipan í nefndir. Hann hafi haft samband símleiðis við stjórnarfolk um mögulegar breytingar á núverandi skipan í nefndir, örlitlar breytingar voru gerðar. Ragnar sagði að komandi kjarasamningar myndu setja mark sitt á nefndarstarfið en að það myndi engu að síður halda áfram að vera virkt sem fyrr. Nokkrar nefndir munu koma að undirbúningi kröfugerðar og kjarasamningaviðræðna.

Ragnar fór því næst yfir skiptingu í nefndir sem er sem hér segir:

Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR

Selma Björk Grétarsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Sigrún Guðmundsdóttir
Þórir Hilmarsson

Varamenn
Jón Steinar Brynjarsson
Benedikt Vilhjálmsson

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR

Arnþór Sigurðsson
Fríða Thoroddsen
Þórir Hilmarsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamaður
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Starfsmenntanefnd VR

Jónas Yngvi Ásgrímsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Jón Steinar Brynjarsson
Sigrún Guðmundsdóttir

Varamaður
Sirrý Hallgrímsdóttir

Húsnæðisnefnd VR

Arnþór Sigurðsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Helga Ingólfssdóttir
Harpa Sævarsdóttir

Varamenn
Jón Steinar Brynjarsson
Þórir Hilmarsson

Laganefnd VR

Arnþór Sigurðsson
Helga Ingólfssdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Varamaður
Friðrik Boði Ólafsson

Kjaramálanefnd VR

Arnþór Sigurðsson
Friðrik Boði Ólafsson
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Jón Steinar Brynjarsson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Varamaður
Bjarni Þór Sigurðsson



Launanefnd VR

Bjarni Þór Sigurðsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs VR

Bjarni Þór Sigurðsson
Harpa Sævarsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Varamaður
Helga Ingólfssdóttir

Jafnréttis- og mannréttindanefnd VR

Friðrik Boði Ólafsson
Fríða Thoroddsen
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson

Varamaður
Bjarni Þór Sigurðsson

Styrkjanefnd VR

Helga Ingólfssdóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Þórir Hilmarsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Varamenn
Friðrik Boði Ólafsson
Bjarni Þór Sigurðsson

Framtíðarnefnd VR

Friðrik Boði Ólafsson
Fríða Thoroddsen
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Jón Steinar Brynjarsson
Sirrý Hallgrímsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Bjarni Þór Sigurðsson



Varamenn
Þórir Hilmarsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Umhverfisnefnd VR

Helga Ingólfssdóttir
Friðrik Boði Ólafsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Sigrún Guðmundsdóttir

Varamaður
Þórir Hilmarsson

Öldungaráð VR

Ragnar Þór Ingólfsson
Sigurður Sigfússon
Selma Björk Grétarsdóttir

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Sigurður Sigfússon
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Varamaður
Jónas Yngvi Ásgrímsson

Uppstillingarnefnd um val á stjórnarfólki í LIVE

Ragnar Þór Ingólfsson
Jón Steinar Brynjarsson
Harpa Sævarsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Friðrik Boði Ólafsson

Varamenn
Selma Björk Grétarsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson

Listinn var lagður fram til afgreiðslu.
Samþykkt samhljóða.

4. Starfsreglur stjórnar

Fyrir fundinum lá skjalið „**Starfsreglur stjórnar VR**“.

Stefán kynnti skjalið og sagði að breytinga væri þörf á nokkrum atriðum, m.a. ákvæðum um fjarfundi sem og heimild formanns til að skuldbinda félagið.



Stefán fór yfir starfsemina eins og hún snýr að rekstri og fjárhagi, unnið væri eftir ítarlegri starfs- og fjárhagsáætlun og eftirfylgni í formi 3ja mánaða uppgjors. Stærri kaup og fjárfestingar eru lagðar fyrir stjórn en ráðningar og starfsmannabreytingar ekki. Unnið er að gerð nýrrar innkaupaáætlunar sem fyrirhugað er að liggja fyrir í haust.

Umræður.

Ragnar sagði að á næsta fundi yrði farið nánar yfir stöðuna, m.a. starfsmannahald, skipurit og stöðugildi.

Starfsreglur stjórnar lagðar fram og munu þær liggja milli funda.

5. Kjaramál - staðan

Ragnar sagði frá því að unnið væri áfram í húsnæðismálum varðandi Bjarg og Blæ. Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands fyrr um daginn hafi verið lagður fram samskiptasáttmáli og farið yfir yfirskrift 1. maí sem er „Við vinnum“. Á fundinum hafi einnig verið farið yfir greiningar hagfræðinga sambandsins á fjármálaáætlun og rætt um rannsókn á vegum Vörðu um skörun stéttarféлага. Fram kom að ASÍ hyggist styrkja Leigendasamtökin um 500 þ.kr. en í máli Ragnar kom jafnframt fram að VR hafi þegar samþykkt styrk til samtakanna um svipaða upphæð.

Ragnar sagði jafnframt frá vinnu við undirbúning félagsins fyrir komandi kjarasamningaviðræður og ræddi fund trúnaðarráðs og trúnaðarfólks sem halda ætti daginn eftir [7. apríl].

Þá sagði hann frá vinnustofu um leigumarkaðinn sem hann hafi setið ásamt Bjarna Þór en hún hafi verið hluti af verkefni starfshóps um húsnæðismál sem stjórnvöld hafi skipað. Þetta verkefni gæti reynst lykill að lausn næstu kjarasamninga en þetta verði rætt frekar þegar nær dregur.

Ragnar fjallaði því næst um kjör Vilhjalms Birgissonar sem formanns SGS, sem væri stærsta samband innan ASÍ, og kjör Sólveigar Önnu Jónsdóttur sem formanns Eflingar sem væri stærsta aðildarfélag SGS. Það ásamt setu hans sjálfs sem formanns Landssambands ísl. verzlunarmanna þýddi að verkalýðshreyfingin færi ekki þverklofin í næstu kjarasamninga. Þessi þróun væri jákvæð fyrir VR og jákvætt skref í kjarasamningsundirbúningnum. Vilhjálm og Sólveigu hafi verið boðin staða áheyrnarfulltrúa í miðstjórn ASÍ nú þegar.

Umræður.

Í umræðum var rætt um félagsaðild og vandamál sem upp hafa komið hvað það varðar, m.a. þrýsting innan fyrirtækja á að starfsfólk væri ekki í stéttarfélagi eða stéttarfélagsaðild væri vísitandi dreifð innan fyrirtækja til að tryggja áframhaldandi rekstur ef til verkfalla kæmi.

Ragnar sagði að þetta yrði skoðað frekar.

6. Tillögur á breytingum á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Fyrir fundinum lágu skjölin „**Bréf til aðildarsamtaka LV – ósk um staðfestingu á samþykktarbreytingum vor 2022**“, „**Greinargerð með samþykktarbreytingum**“, „**Samþykktir LV (Lokaeintak – sýnilegar breytingar)**“ og „**Breytingartillaga stjórnar á samþykktum LV**“.

Stefán fór yfir tillögurnar en kynning á þeim hefur þegar verið haldin með fulltrúaráði LV. Um er að ræða tillögur um breytingar sem lagðar voru fyrir á síðasta ársfundi sjóðsins.

Nýjar tölur yfir lífslíkur fólks kalla á breytingar, iðgjöld þurfa að standa undir lífeyri lengur. Gerð er tillaga um breytingum á réttindatöflu lífeyris, áunnin réttindi sjóðfélaga eru lækkuð, mest hjá yngsti sjóðfélögunum. Á móti kemur að áunnin réttindi eru hækkuð um 12% vegna góðrar stöðu sjóðsins. Réttindi þeirra sem eru komin með virkan ellilífeyrisrétt hækka en hækkunin er svo minni eftir því sem sjóðfélagar eru yngri. Spár gera ráð fyrir því að þeir lifi lengur en þeir sem eldri eru og því megi þeir vænta mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna í lengri tíma. Jafnframt fela tillögurnar í sér aukinn sveigjanleika í lífeyristöku þó að viðmiðunaraldur verði áfram 67 ár.

Ragnar benti á að sú leið sé hér væri farin væri sanngjarnasta leiðin fyrir alla sjóðfélaga. Lífeyrissjóðir ættu eftir að fara í breytingar vegna hækkandi lífaldurs, vegna stöðu sinnar gæti Lífeyrissjóður verzlunarmanna farið í þessar breytingar án mikilla átaka.

Umræður.

Tillögurnar lagðar fram.

Samþykkt með einu mótatkvæði.

Bókað mótatkvæði Þorvarðar Bergmanns Kjartanssonar.

Kl. 20:30 óskar Ragnar eftir heimild til að framlengja fund til kl. 21:00.

Samþykkt.

7. Breytingar á starfsreglum Öldungadeildar

Fyrir fundinum lá skjalið „**Breyting á starfsreglum og hlutverki Öldungadeildar – til stjórnar VR**“.

Stefán fór yfir skjalið. Um er að ræða breytingu á 3. gr. þar sem segir að Öldungadeild skuli funda að jafnaði fjórum sinnum á ári. Lögð er til breyting þannig að deildin fundi svo oft sem þykir tilefni til.

Umræður.

Tillagan lögð fram.

Samþykkt samhljóða. Starfsreglur deildarinnar með breytingum eru svohljóðandi:

Starfsreglur og hlutverk Öldungadeildar VR

1.gr.

Öldungadeild VR er baráttuhópur fyrir réttindum aldraðra auk þess að vera umræðu- og samráðsvettvangur allra þeirra sem einhverntíma hafa greitt iðgjöld til VR og eru 65 ára og eldri.

Hlutverk þeirra er að móta og endurskoða stefnu félagsins hverju sinni í málefnum eldri félagsmanna.

2.gr.

Öldungadeild VR leitar samvinnu við önnur stéttarfélög og hagsmunasamtök eldri borgara sem berjast fyrir réttindum launafólks og eldri borgara gagnvart atvinnurekendum, lífeyrissjóðum og ríkisvaldi.

3.gr.

Öldungadeild VR skal funda svo oft sem Öldungaráði þykir tilefni til. Slíkir fundir geta verið jafnt með hefðbundnum hætti eða sem fjöldafundur almennra borgara, mótmælafundur, ráðstefna um málefni aldraðra, og/eða í samvinnu við önnur félög og samtök.

4.gr.

Öldungadeild VR ályktar um þau málefni og baráttumál sem það fjallar um og kemur slíkum ályktunum á framfæri í fjölmiðlum og á vettvangi félagsins.

5.gr.

Forystusveit Öldungadeildar VR - Öldungaráð VR – skal skipað 6 eldri félagsmönnum með jöfnum kynjahlutföllum sem skipta sjálf með sér verkum. Í Öldungaráð VR er skipað annað hvert ár þar sem 3 eru tilnefndir af stjórn VR á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund VR og að því loknu eru 3 kosnir af Öldungadeild VR allir 6 til tveggja ára. Að auki situr formaður VR jafnan í Öldungaráði VR með fullan atkvæðarétt.

6.gr.

Öldungaráð VR fundar annan hvern mánuð eða oftar ef þurfa þykir. Ráðsmenn koma áfram hugmyndum Öldungadeildar VR til stjórnar félagsins til nánari ákvörðunar og framkvæmdar.

I. **Ákvæði til bráðabirgða**

6 manna Öldungaráð VR er í fyrsta skipti skipað af stjórn VR til eins árs fram að Aðalfundi VR 2021 en eftir það er skipað samkvæmt 4. gr.

Samþykkt af stjórn VR á stjórnarfundi 1199. þann 12. febrúar 2020. Breyting á 3. gr. samþykkt á stjórnarfundi 1228 þann 6. apríl 2022.

8. Skipun í Úrskurðarnefnd VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „**Skipun í úrskurðarnefnd VR**“ og „**Minnisblað til stjórnar störf Úrskurðarnefndar VR 2021**“.

Stefán kynnti tillögu um breytingar í Úrskurðarnefnd VR. Hlutverk nefndarinnar að úrskurðar í kærumálum sem snúa að túlkun á lögum og reglum VR. Tillagan er svohljóðandi:

Bryndís Guðnadóttir
Hildur Margrét Hjaltsted
Ragnar Þór Ingólfsson

Til vara:

Guðmundur B. Ólafsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Kristín María Björnsdóttir

Umræður.

Tillagan lögð fram.
Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.
Fundir slitið kl. 21:01